



SMÁVIRKJANASJÓÐUR

Smávirkjanasjóður SSNV

Úthlutunarreglur um styrki úr Smávirkjanasjóði SSNV 2020

1. Markmið

Markmið með styrkveitingu er að gefa landeigendum tækifæri til að nýta landgæði betur og jafnframt að stuðla að auknu raforkuframboði og raforkuöryggi á Norðurlandi vestra.

Smávirkjanasjóður SSNV er hluti af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2020-2024.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fyrstu skref í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum á Norðurlandi vestra sem eru undir 10 MW að stærð. Miðað er við fyrirliggjandi yfirlit á mögulegum rennslisvirkjunum sem upp eru taldir í skýrslu Mannvits 2018: *Frumúttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra*. Þó er heimilt að bæta við fleiri virkjunarkostum með samþykki SSNV.

Sjóðurinn veitir styrki til annars vegar: **Skref 1: Frummat smávirkjana** og hins vegar: **Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummati hönnunar og byggingarkostnaðar**.

Skref 1: Frummat smávirkjana

- ✓ Heimsókn á virkjunarsvæði
- ✓ Virkjunarkostur yfirfarinn og val á stíflustæði
- ✓ Ein rennslismæling á lágrennslistíma
- ✓ Athugun á miðlun vatns
- ✓ Áætlun um stærð virkjunar og frumúttekt yfirfarin
- ✓ Athugun á tengimöguleikum við raforkukerfið
- ✓ Verndarsvæði – mat á áhrifum á möguleikum á virkjun
- ✓ Skýrsla um niðurstöður á mati viðkomandi virkjunarkosts

2. Umsóknarfrestur

Skref 1: Frummat smávirkjana

Á árinu 2020 verður ein úthlutun. Umsóknarfrestur er til og með 2. júní 2020. Gert er ráð fyrir að verkefninu verði lokið fyrir 31. desember 2020. Hámarksfjöldi verkefna sem styrkt verða er 8.

3. Verklagsreglur

- A. Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félög eða fyrirtæki, með lögheimili á Norðurlandi vestra. Með umsókn skal fylgja samþykki þeirra landeigenda, sem málið snertir skv. lögum, fyrir rannsóknunum á því svæði þar sem fyrirhugaður virkjunarkostur er.
- B. Umsóknir skulu vera á eyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðu SSNV; www.ssnv.is.
- C. Umsóknir skulu sendar á netfangið: ssnv@ssnv.is

- D. Samið hefur verið við Verkfræðistofuna Mannvit um úttekt á þeim virkjunarkostum sem styrktir verða og sér SSNV um samningsgerð við fyrirtækið.
- E. Mótframlag umsækjanda er 100.000 kr. en SSNV greiðir annan kostnað við úttektina.
- F. Fagráð Smávirkjanasjóðs leggur mat á umsóknirnar og skilar tillögum til stjórnar SSNV. Við mat á umsóknum eru gefin stig fyrir eftirfarandi þætti:
- a) *Frumúttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra (hámark 30 stig, lágmark 15 stig)*
 - 1. Áætluð stærð virkjunar/orkuframleiðsla
 - 2. Hagkvæmniflokkur
 - 3. Áhrif af verkefninu
 - b) *Umsókn (hámark 30 stig, lágmark 15 stig)*
 - 1. Skýrleiki umsóknar
 - 2. Umsækjandi – reynsla/menntun
 - 3. Markmið með gerð virkjunar
- G. Til þess að koma til álita um úthlutun þarf verkefnið að fá a.m.k. 35 stig og hafa hlotið a.m.k. helming stiganna í hvorum hluta fyrir sig.
- H. SSNV og styrkhafi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu mótframlags, skil á skýrslu og eftirfylgni. Starfsmenn SSNV sjá um samningsgerð og eftirfylgni við styrkhafa.
- I. Niðurstöður þeirra rannsókna, sem gerðar verða með styrk úr Smávirkjanasjóði SSNV, eru opinber gögn. Niðurstöðurnar verða birtar á heimasíðu SSNV og sendar Orkustofnun.